



Eyðublað vegna vettvangsrannsóknar

Eyðublaði þessu skal skila inn útfylltu til Fornleifaverndar ríkisins strax að lokinni vettvangsrannsókn. Litið er á þessi gögn sem opinbert plagg sem er öllum aðgengilegt.

1. Grunnupplýsingar

Leyfisnúmer	
Heiti rannsóknarverkefnis	
Vettvangsrannsókn hófst	
Vettvangsrannsókn lauk	
Dagsetning eyðublaðs	
Leyfishafi	

2. Starfsmenn

	Fjöldi
Fornleifafræðingar	
Aðrir sérfræðingar	
Nemar	
Aðrir	

3. Lýsing á verkefni (íslenskur texti)

8. Skráning. Hvernig var haldið utan um skráningu? Hvaða skráningarkerfi var notað, hvers konar gagnagrunnur og með hvaða hætti verður skráningargöngum skilað inn?

--

9. Forvarsla

Yfirumsjón með forvörslu (nafn)	
Stofnun/fyrirtæki	
Rannsóknarnr. Þjóðminjasafns Íslands	

10. Frágangur svæðis, stutt lýsing

--

11. Áframhald

Áætlað rannsóknaraðili að sækja um frekara leyfi til rannsókna á sama stað að ári liðnu?	
--	--

12. Mynd

Með skal fylgja góð yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu í jpg í 200-300 punkta upplausn. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja með:

Ljósmyndari:	
Dagsetning:	
Myndatexti:	

Skýringar með eyðublaði

Í reglum um veitingu leyfa til fornleifarannsókna segir: "Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Fornleifaverndar eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Fornleifavernd ríkisins mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum." Litið er á þessi eyðublað sem opinber gögn og verða þau gerð aðgengileg almenningi fljótlega eftir að þeim er skilað inn undir skilmálum creative common (sjá <http://creativecommons.org>). Ætlast er til að eyðublaði þessu sé skilað inn, útfylltu, til Fornleifaverndar ríkisins **strax** að lokinni vettvangsrannsókn. Frekari upplýsingar komi svo fram í áfangaskýrslu/framvinduskýrslu/lokaskýrslu.

1. Grunnupplýsingar

Leyfisnúmer: Númer sem rannsókninni var úthlutað af Fornleifavernd ríkisins við veitingu leyfis.

Heiti rannsóknarverkefnis: Heiti rannsóknarverkefnis eins og það kom fram í umsókn um leyfi til fornleifarannsóknar.

Vettvangsrannsókn hófst: Hvenær hófst rannsókn á vettvangi (dagsetning)?

Vettvangsrannsókn lauk: Hvenær lauk rannsókn á vettvangi (dagsetning)?

Dagsetning eyðublaðs: Hvenær fyllti leyfishafi/ábyrgðarmaður út eyðublað þetta og sendi inn til Fornleifaverndar ríkisins (dagsetning)?

Leyfishafi: Nafn þess sem fékk úthlutað leyfinu til rannsóknarinnar.

2. Starfsmenn

Hversu margir starfsmenn unnu við rannsóknina á vettvangi, skipt í eftirfarandi flokka: fornleifafræðingar, aðrir sérfræðingar, nemar og aðrir.

3. Lýsing á verkefni (íslenskur texti)

Stutt lýsing á íslensku á meginmarkmiði rannsóknarinnar og hvað fólst í umræddri vettvangsrannsókn þessa árs.

4. Lýsing á verkefni (enskur texti)

Stutt lýsing á ensku á meginmarkmiði rannsóknarinnar og hvað fólst í umræddri vettvangsrannsókn þessa árs.

5. Rannsókn

Um hvers konar rannsókn er að ræða. Hér er skal velja úr fyrirfram skilgreindum lista. Skilgreining á hugtökum er eftirfarandi:

Tegund rannsókna

björgunarrannsókn	Kerfisbundin fornleifafræðileg rannsókn á fornleifum sem eru í hættu vegna áganga náttúrunnar eða hafa komið óvænt upp vegna jarðraska. Yfirleitt unnin í kapp við tímann og með takmarkað ráðstöfunarfé.	rescue research	Archaeological activities carried out when archaeological remains, the existence of which was previously unknown or had not been foreseen, are found during the development of works or are under a threat of natural hazard. Usually done under strict time constraints and limited budget.
framkvæmdarrannsókn	Kerfisbundin fornleifafræðileg rannsókn á fornleifum sem ákveðið	contract excavation	Controlled investigation, recording and removal of archaeological deposits under

Fornleifavernd ríkisins

	hefur verið að rannsaka vegna framkvæmda. Yfirleitt unnin innan strangs tímaramma og kostnaðar-áætlunar.		threat of destruction from major public/private projects. Usually done under strict time constraints.
vísindarannsókn	Kerfisbundin fornleifafræðileg rannsókn á fornleifum á völdum stöðum. Við vísindalegar rannsóknir er viðfangsefnið valið í samræmi við fyrirfram skilgreinda vísindalega áætlun eða spurningu.	scientific research	Controlled investigation, recording and removal of archaeological deposits in targeted areas in order to answer specific questions relating to a particular archaeological site or landscape.
eðli og umfang	Könnun, yfirleitt gerð af starfsmanni Fornleifaverndar ríkisins, til að meta eðli og umfang fornleifa eða lausa funda sem koma óvænt upp eða meta þarf vegna frekari ákvörðunartöku.	trial excavation	Specific excavations (by manual or mechanical means) intended to verify the existence, and understand the nature and extent, of archaeological sites. Usually done by Fornleifavernd ríkisins.
framkvæmdareftirlit	Eftirlit með framkvæmdum sem gætu mögulega skaðað fornleifar á tilteknu svæði. Minjar sem koma í ljós eru skráðar og tilkynntar til Fornleifaverndar ríkisins sem metur hvað skuli gera í framhaldinu.	watching brief	A formal programme of observation and investigation conducted during any operation carried out for non-archaeological reasons that may damage archaeological deposits. If archaeological remains are found during the operation they are recorded and made known to Fornleifavernd ríkisins which evaluate the situation.

Aðferð

könnunarskurðir	Skurðir, handgrafnir eða vélgrafnir, grafnir með fornleifafræðilegum aðferðum, í þeim tilgangi að meta tilvist, eðli, varðveislu, aldur og umfang fornleifa.	trial trench	Archaeologically excavated trench, either hand of machine dug, as part of a sampling programme to evaluate the presence/absence, nature, preservation, age and extent of any buried archaeological features.
borun	Könnun gerð með því að bora í jörðina með grönnum bor í þeim tilgangi að fá t.d. upplýsingar um tilvist mannvistar, lög og samhengi jarðlaga og/eða sófnun borkjarnasýna.	coring	Type of survey involving the drilling of deep and narrow shafts in the ground used to describe deposits, understand stratigraphy and collect cores samples.
uppgröftur	Kerfisbundin raskandi vettvangsrannsókn á	excavation	Controlled intrusive fieldwork which examines,

Fornleifavernd ríkisins

	tilteknu svæði á landi eða neðansjávar þar sem jarðlög og manngerð form eru könnuð, skráð og túlkuð með aðferðum fornleifafræðinnar auk söfnun gripa og sýna.		records and interprets archaeological deposits, features and structures and, as appropriate, retrieves artefacts and ecofact remains within a specified area or site on land, inter-tidal zone or underwater.
blönduð tækni	Fleiri en ein aðferðafræði og tækni við rannsókn.	mixed methods	More than one methods and technique.
lausa fundur	Óskipulögð könnun eða óvænt uppgötvun fornleifa, gripa, líkamsleifa, t.d. af hendi almennings eða vegna framkvæmda sem unnar eru án framkvæmdaefirlits.	casual observation	The unplanned observation of archaeological features or the recovery of artefacts of interest, for example either random finds by members of the public or the unplanned observation of archaeological features during the course of unmonitored developments.
fjarkannanir	Könnun þar sem leit af fornleifum á yfirborði er gerð í nokkurri fjarlægð, til dæmis þegar ljósmyndun eða önnur skráningartækni er notuð á eða um borð á flugtæki eða skipi/köfunarbát.	remote sensing	Survey using photographic or other recording equipment mounted on or used from either an aircraft or other airborne vehicle or a maritime vessel/submersible craft.
jarðeðlisfræðileg rannsókn	Kortlagning fornleifa á yfirborði (lands eða sjávarbotns) með ýmsum jarðeðlisfræðilegum mælingum. Algengast er að nota viðnámsmælingar, segulmælingar, jarðsjármælingar, hliðarsónar og rafsegulbylgju-leiðni.	geophysical survey	Ground-based or marine subsurface mapping of archaeological features using different sensing technologies. Most commonly applied are magnetometers, electrical resistance meters, ground penetrating radar, side scan sonar, and electromagnetic conductivity.

6. Afmörkun rannsóknarsvæðis

Hér skulu koma upplýsingar um afmörkun á rannsóknarsvæði. ID merkir auðkenni svæðis, X og Y hnit eru miðuð við ISN93 og tegund er uppflertilisti, þ.e. hvort uppgefið "svæði" sé punktur (t.d. borkjarnasýni), lína eða fláki. Einnig má senda afmörkun rannsóknarsvæðis sem shapaskrá eða excel-töflu sem viðbótargögn ef þessi tafla telst ekki fullnægandi.

7. Viðfangsefni

Hér skulu koma upplýsingar um hvers konar mannvirki voru rannsökuð. Á rannsóknarsvæði geta til dæmis komið fram tvær byggingar með tvö ólík hlutverk. Á þessu stigi er einungis beðið um eitt hnit á mannvirki (tekið í miðju) og lágmarksupplýsingar um tegund, hlutverk (sjá staðla um fornleifaskráningu), aldursgreiningu (t.d. 1100-1300) og mjög stutta lýsingu. Þessar upplýsingar má einnig senda með sem shapaskrá eða excel-töflu ef það hentar betur.

8. Skráning

Hér skulu koma fram hvernig haldið var utan um skráningu laga, gripa, sýna og ljósmynda á vettvangi, þ.e. hvaða skráningarkerfi var notað, hvers konar gagnagrunnur var notaður og með hvaða hætti verður skráningargögnum skilað inn. Einnig væri gott að fá fram einhverja hugmynd um umfang skráningarinnar.

9. Forvarsla

Hér skulu koma fram upplýsingar um nafn þess sem hafði yfirumsjón með forvörslu vettvangsrannsóknarinnar og heiti stofnunar/fyrirtækis sem viðkomandi starfar hjá. Þá skal hér skrá rannsóknarnúmer það sem Þjóðminjasafn Íslands hefur úthlutað rannsókninni.

10. Frágangur svæðis

Hér skal koma fram stutt lýsing á því hvernig rannsóknaraðili skildi við rannsóknarsvæðið eftir að vettvangsrannsókn lauk.

11. Áframhald

Hér skal koma fram hvort rannsóknaraðili hafi hug á því að gera aðra vettvangsrannsókn á viðkomandi svæði að ári liðnu. Svar þetta hefur þó engar skuldbindingar í för með sér, hvorki að hálfu rannsakanda né Fornleifaverndar ríkisins.

12. Mynd

Með skal fylgja yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu (áður en að frágangi kemur) í jpg í 200-300 punkta upplausn. Þessa mynd vill Fornleifavernd ríkisins hafa fullt leyfi til að birta í miðlum, til dæmis heimasíðu Fornleifaverndar ríkisins og ársskýrslu.